



Reykjavík, 4. apríl 2017

## Erindi til innkauparáðs

Efni: Kaup á fjárhagsáætlunarkerfinu Unit4 Budget Books

Óskað er eftir heimild innkauparáðs til þess að ganga frá samningum við hugbúnaðarframleiðandann **Unit4** um kaup á nýjum kerfishluta **Unit4 Budget Books** án undangengins útboðs á grundvelli 22. gr. b-lið í innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

*Greinargerð:*

Fjármálaskrifstofa hefur á undanförnum tveimur árum unnið að undirbúningi þess að innleiða umtalsverðar umbætur á vinnuferli og meðhöndlun gagna við vinnslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Á miðju ári 2015 var samið við Unit4 um kaup og innleiðingu á hugbúnaðinum **Unit4 Consolidation & Cash (C&C)** sem er samstæðu uppgjörs- og áætlunarkerfi. Unnið hefur verið að innleiðingu á því kerfi frá því snemma á síðasta ári og samhliða því hefur verið farið í umtalsverða rýningu á vinnslu fjárhagsáætlunar og meðhöndlun gagna.

Í hjálögðu minnisblaði skrifstofustjóra fjármálaskrifstofu til fjármálastjóra dags. 27. mars sl. „Um notkun upplýsingakerfa við vinnslu fjárhagsáætlunar“ er að finna lýsingu á því hvernig unnt er að bæta og auðvelda verklag, auka aðgengi að forsendum, ná yfirsýn og lágmarka markvisst notkun á excel-skjölum með því að taka upp og innleiða **Unit4 Budget Books**. Fram kemur að Reykjavíkurborg hefur um árabil verið með kerfishlutann **Unit4 Planner** í notkun, en það hefur reynst talsverður þróskuldur fyrir sérfræðinga og stjórnendur að læra á það kerfi og nota vegna vinnslu fjárhagsáætlunar. Budget Books er ekki sjálfstæður kerfishluti í Agresso. Heldur er þetta svokallaður "Experience Pack". Sem leggst ofaná og virkar með kerfishlutanum Planner (Áætlunarkerfinu), eins og nánar er lýst í minnisblaðinu. Budget Books var ekki í boði þegar Planner var keyptur og enginn (þriðji aðili) býður svipaða viðbót. Það er mat undirritaðra að samspil þessara þriggja kerfa til vinnslu fjárhagsáætlunar C&C, Planner og Budget Books sé lausn sem lengi hefur verið beðið eftir, þar sem Budget Books er viðmótið sem unnt er að útfæra að þörfum notanda og hafa yfirsýn yfir forsendur og framgang vinnslunnar, Plannerinn er vélin sem meðhöndlar og tekur saman gögnin og C&C er samstæðuáætlunarkerfið sem dregur saman rekstur, efnahag og sjóðstreymi sjóða og samstæðu.

Sambærilega virkni frá öðrum aðila er ekki að fá og því þyrfti Reykjavíkurborg að skipta út áætlunarkerfinu (Planner) í heild sinni og tengja það við Agresso fjárhagsupplýsingakerfið,

eðli málsins samkvæmt þá er það orðið mun umfangsmeira verkefni. Unit4 Budget Books er algjörlega samhæfður Planner-áætlunarkerfinu og fyrirspurnartólum fjárhagskerfisins með beinu aðgengi að öllum upplýsingum þar er að finna. Fjármálaskrifstofa hefur ekki hug á því að skipta út Planner áætlunarkerfinu, heldur hefur þvert á móti verið í undirbúningi að fara í mun meiri og öflugri notkun á kerfinu en verið hefur hingað til og munu kostir Budget Books hjálpa verulega til þess að ná þeim áfanga. Það er mat fjármálaskrifstofu að það væri ekki vänlegt að fara með áætlunarkerfi borgarinnar í útboð, enda fæli það í sér umtalsverða undirbúningsvinnu og tengingar við fjárhagskerfi borgarinnar með ófyrirséðum kostnaði til lengri eða skemmri tíma og ekki síst frestun á þeim úrbótum sem nú er fyrirséð að hægt verði að ná fram á næstu 2 árum. Unit4 Planner áætlunarkerfið þjónar vel hlutverki sínu sem öflugt áætlunartól og með gæðum Budget Books verður unnt að bjóða sérfræðingum á miðlægum skrifstofum og stjórnendum á fagsviðum lausn sem beðið hefur verið eftir og ná fram markmiði Reykjavíkurborgar um skilvirk og samhæft fjárhagsáætlunarkerfi.

Fjármálaskrifstofa hefur frá því sl. sumar verið að skoða kosti þess að taka í notkun umrætt kerfi og fengu fulltrúar hennar kynningu á kerfinu þá og aftur nú í mars sl. Unit4 gerði Reykjavíkurborg tilboð í ágúst mánuði 2016 sem var síðan framlengt til loka marsmánaðar 2017 í framhaldi af ítarlegri kynningu.

Tilboðið sem er hjálagt hefur verið samþykkt af fjármálastjóra með fyrirvara um samþykkti innkauparáðs. Óskað er eftir því að innkauparáð samþykki kaupin án undangengins útboðs á grundvelli 22. gr. b-lið í innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Birgir Björn Sigurjónsson  
fjármálastjóri

Halldóra Káradóttir  
skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu